


Ljós 75 á Kjarvalsstöðum

Flennistórar litmyndastækkanir gestsins

Ljósmyndaklúbburinn LJÓS heldur þriðju ljósmyndasýningu sína í byrjun næsta mánaðar með sýningunni Ljós 75 á Kjarvalsstöðum. Þrír félagar eru nú aðilar að klúbbnum og munu þeir sýna myndir sínar auk gests. Félagarnir eru Gunnar S. Guðmundsson, Kjartan B. Kristjánsson og Pjetur Þ. Maack. Gestur sýningarinnar að þessu sinni er Mats Wibe Lund, en á síðustu sýningu var Gunnar Hannesson gestur.

Á sýningunni verður farið vítt og breitt um myndefni jarðarinnar.


Mats verður með myndir m.a. frá Thailandi og Grænlandi auk Íslands en allar myndir hans eru litmyndir mikið stækkaðar á pappír.

Gunnar S. Guðmundsson heldur áfram að spreyta sig á íslenzkri náttúru auk þess sem hann sýnir nokkrar myndir frá heimsókn sinni til Parísar.

Stór hluti mynda Kjartans B. Kristjánssonar er frá erlendri grund, sérkennilegar og um leið skemmtilegar mannlífsmyndir frá Mið- og Suður Evrópu, en hann hefur dvalizt erlendis í tæpt ár frá síðustu sýningu.


Pjetur Þ. Maack heldur sig við fósturjörðina. Hann bindur sig við ákveðið „þema" og sýnir myndir af einni stúlku, Helgu Eldon, bæði utan starfs og innan, en Helga starfar í íslenzka dansflokknum og má þar sjá margar skemmtilegar ballettmyndir.

Sýningin verður sem fyrr segir á Kjarvalsstöðum, verður opnuð 3. sept. og stendur til 16. sept.









listasprang

Eftir Arna Johnsen

1.
Ein mynda Gunnars S. Guðmundssonar

2. **Helga dansar — Pjetur Þ. Maack.**

3.
Þátttakendur í LJÓS 75. Frá vinstri Kjartan B. Kristjánsson, Gunnar S. Guðmundsson, Mats Wibe Lund og Pjetur Þ. Maack.

4.
Ein mynda Gunnars S. Guðmundssonar.

5.
Mynd eftir Mats Wibe Lund frá Grænlandi.

Cæsar Mar:

Þegar heimskur maður fer að hugsa

Ég fór að hugsa um lækninn. Hann er menntaður læknir, hann er líka formaður Hundavinafélagsins og vill hunda í þéttbýlið. Eitthvað fannst mér þetta skrítið.

Að sjálfsögðu hefur hann skyldur gagnvart sínum félagsskap. Hefur hann ekki líka skyldur gagnvart okkur, sem hann vill að búum með hundunum?

Svo er annað. Er hann, læknirinn, viss um, að hundarnir vilji búa með okkur í þéttbýli. Þá tilhögun sækir hann svo fast að manni liggur við að halda, að hundarnir sjálfir hafi sótt til félagsins bréflega um að fá að búa í þéttbýlinu.

Hundurinn er upphaflega villt dýr, og varla er það líklegt að hann, sem einu sinni rápaði um sléttuna frjáls, vilji nú vera lokaður inni í þröngu herbergi. Jafnvel þó að sæng væri breidd yfir hann og falleg húsmóðir, sem hann af og til fengi að sleikja um nef og munn væri í rúminu.

Svo er hinn hundurinn, sem ekki hefur það eins gott. Hann er kallaður inn klukkan 10—12. Þá er hann rekinn út eða niður í þvottahús. Þar má hann dúsa innilokaður til klukkan 9—10 að morgni. Þá er hann búinn að gelta sig hálfhásan, kannski af löngun til að komast út, kannski af þörf til að leggja af sér, hland og saur. Hafi hann ekki gert það um nóttina inni, er honum sleppt stund á lóðina, meðan húsbóndinn fær sér morgunkaffið. Næst er hann bundinn í snúrustólpann, með eins metra eða kannski eins og hálfs metra snæri, sem oft er of þröngt um hálsinn. Nú er klukkan orðin 10, börnin koma út og fara að leika sér á lóðinni, líka þar sem hundurinn meig og skeit, þegar hann kom út fyrr um morguninn. Ég heyrði um tík nábúans, hún var látin hvolpafull í skáp. Ekki var þess getið hvort það var fataskápur eða náttborð, en þetta hundahús eða fæðingastofnun hundsins var í svefnherberginu.

Það skiptir kannski ekki máli hvort tíkin átti sína fjóra hvolpa í skápnum eða úti í svefnherberginu, en mér finnst skipta máli hvort það er svona þróun, sem hundavinir vilja í þéttbýlið.

1. júlí var lesið í enska útvarpið: 1975 eru í London 6.000.000 (sex milljón) hundar. Þeir leggja frá sér 500.000 (fimm hundruð þúsund) lítra af hlandi á sólarhring, 6.000 (sex þúsund) kíló af hundaskít á sólarhring eða sex tonn.

Finnst ykkur haugurinn nógu stór hundavinir? Í sömu frétt stóð að nýlega væri fundinn sýkill, sem bærist með hundasaur frá dýrunum. Sagt var að sá sýkill gæti smitað í alltað tvö ár. Það mundi þýða það, að börn hundaeigandans, sem getið var hér að framan, hefðu getað smitazt allan tímann í tvö ár, eftir að þau komu út um morguninn og léku sér þar sem hundur pabba þeirra skeit og meig fyrir tveimur árum. Er það þetta öryggi, sem hundavinafélagar vilja fyrir börn sín. Þess var líka getið að fimmti hver hundur væri smitberi.

Atviks úr lífinu vil ég geta hér. Um 1930 leigði ég íbúð hér í Reykjavík. Eigandinn sat meðan við sömdum í stól á móti mér. Ég sá ekki annað en fullhraustan mann á móti mér. Við nánari kynni reyndist þó annað. Hann var með hundasull í bakinu, hafði tvisvar verið skorinn upp ósvæfður og beið nú eftir úrskurði lækna varðandi mögulega þörf á þriðja uppskurði við sömu aðstæður. Hvernig haldið þið, hundavinir, að manninum hafi liðið meðan skorið var í tvö skipti í bakið á honum ósvæfðum og svo að bíða eftir þriðja skurðinum við sömu aðstæður ósvæfður? Oft kenndi ég í brjósti um þennan mann, hann bað þó víst engan um neina samúð. Er hann stóð, mynduðu handleggurinn og stafurinn vítt horn við fæturnar á gólfinu. Hann stóð svo fattur að ef stafurinn rann á gólfinu lá honum við falli eða datt. Hann gat ekki gengið stiga hjálparlaust. Munduð þið hundavinir vilja lenda í svona sjúkdómi? Ég sigldi allt fyrra stríðið, alltaf fyrir Bretann og var því mjög oft í Englandi og oft á enskum heimilum. Þar sá ég ógeðslegt samneyti manns og hunds, að vísu bara einu sinni. Hún drakk morgunteið og að sjálf sögðu sat kjölturakkinn á hnjám hennar á meðan og sleikti og



Cæsar Mar

hóstaði kringum bollann og teið meðan hún drakk. Það var bara hans eðli. Svo fannst henni víst rakkinn orðinn of nærgöngull við bollann. Hún tók undirskálina, hellti því sem eftir var í bollanum í hana og lét svo hundinn lepja úr skálinni á hnjám sínum. Þegar seppi hafði lapið, setti hún bollann og skálina á borðið. Er það svona sambýli sem þið hundavinir viljið að myndað sé við hundinn í þrengslum þéttbýlisins.

Ég sá líka oft bæði á enskum og frönskum bjórsjoppum kjölturakkann, sem ýmist var geymdur á brjósti stúlkunnar eða í tösku, sem hún bar, reka hausinn upp og sleikja munn eigandans eftir að hann hafði drukkið úr glasinu. Kannski viljið þið hundavinir svona hreinlætisvenjur við kaffiboðin, þegar þið fermið eða giftið?

Kannski muna einhverjir stúlkuna, sem gekk urrandi og geltandi um götur Reykjavíkur (um eða eftir 1920). Hún virtist bara venjuleg stúlka, sem ekkert sérstakt sást við. Svo, án nokkurs sjáanlegs tilefnis stökk hún upp og byrjaði að gretta sig, urra og gelta eins og hundur. Áður vakti hún enga athygli. Nú horfðu allir á hana. Einhver sagði mér að þetta væri viss tegund hundaæðis. Mundi einhver ykkar vilja vera í sporum stúlkunnar. Ég heyrði að hún væri útlend.

Í Morgunblaðinu 27. júlí 1975 er allítarleg grein um hundaæði. Þar er líka getið um grein, sem „The Observer" birti. Þar segir: Af hverjum átta börnum, sem leika sér í skemmtigörðum Lundúnarborgar, sýkist eitt vegna óþrifa, sem hundar bera með sér í skemmtigarðana. Fyrir heimilið er garðurinn fyrir húsið eins og skemmtigarðurinn fyrir borgina.

Ýmsir geta verið hundavinir án þess að hafa hund. Ég tala hér eingöngu til þeirra, sem hafa hund.

Hundaeigendur, þið hafið undanfarin ár brotið lög á okkur, sem ekki viljum hunda í þéttbýlið. Þið hafið látið þá gelta og gjamma hinumegin við þunna girðingu, eða látið þá ganga lausa og lítið eða kannski ekkert hirt hvar þeir fóru. Ykkar hugsun hefur verið: Ég vil hafa hund. Nábúinn getur þagað. Þetta virðist þó ekki nægja ykkur. Nú viljið þið láta allan heiminn hlæja að okkur. Þið stefnið okkur fyrir útlendan dómstól, sem þið vonið að dæmi okkar lög ógild og viljið þar

Framhald á bls. 37